



Stjórnarfundur HSH

Haldinn í Stykkishólmi,

24. mars 2025 kl. 17:00

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir. Heiðar Mar Björnsson svæðisfulltrúi á Vesturlandi samt fundinn og tók þátt í umræðum.

Fjarverandi: Kristfríður Rós Stefánsdóttir

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Dagskrá

1. UMF. Víkingur Ólafsvík

- a. Meistaraflokkur Víkings Ólafsvíkur í knattspyrnu hefur ekki skilað inn félagatali til aðalstjórnar UMF. Víkings eins og deildir aðildarfélaga eiga að gera samkvæmt lögum ÍSÍ. Stjórn félagsins og stjórn knattspyrnudeildar meistaraflokks Víkings Ólafsvíkur þurfa að laga félagatal og uppfæra upplýsingar vegna ársreiknings deildarinnar. Jafnframt er minnt á að samkvæmt skráningu í keppniskerfi KSÍ, þá er UMF. Víkingur skráð sem forsvaraðili keppnisliðs í knattspyrnu. Rekstur meistaraflokks fellur undir meistaraflokksráð knattspyrnudeildar Víkings Ólafsvíkur.

Reynir Hellisandur

- b. UMF. Reynir Hellisandur hefur ekki verið með virka stjórn þó það sé skráð stjórn. Í skilakerfi ÍSÍ hefur stjórn Víkings Ólafsvíkur verið skráð stjórn UMF. Reynis Hellisands. Þetta virðist hafa verið endurnýjað á hverju ári. Eins má finna lög Víkings í skilakerfinu fyrir UMF. Reyni. Þar sem póstar hafa ekki skilað sér til Reynis Hellisands fengu þau frest til þess að halda aðalfund og eiga að skila af sér ársskýrslu og ársreikningum til HSH fyrir 3. apríl. Þá eiga UMF. Reynir Hellisandi tvo fulltrúa á þingi HSH þann 7. apríl 2025. Aðalfundur Reynis hefur verið boðaður 26. mars.

2. Dagbók framkvæmdastjóra

- a. Formannafundurinn tókst vel til. Miklar upplýsingar sem var farið yfir með formönnum aðildarfélaga, allar upplýsingar fyrir þing.
- b. Aðalfundur aðildarfélaga – Einhver úr stjórn HSH auk framkvæmdastjóra náði að mæta á 10 af 12 aðalfundum. Reynir Hellisandi heldur sinn aðalfund næstkomandi miðvikudag, 26. mars kl. 20:15.
- c. Mikil vinna hefur farið í árþingið sem haldið verður 7. apríl í samkomuhúsinu í Grundarfirði. Framkvæmdastjóri hefur unnið að eftirfarandi verkefnum.
 - i. Ársskýrsla



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað1922

- ii. Ársreikningar
- iii. Tillögur
- iv. Lagabreytingar
- v. Þingboð
- vi. Starfsmenn í samstarfi við UMFG
- vii. Þinggerð
- viii. Heiðursviðurkenningar
- d. Sjálfsagi – fyrirlestur var haldinn í febrúar í Stykkishólmi og í FSN. Fyrirlesturinn gekk vel og mynduðust góðar umræður. Það kom upp hugmynd á fyrirlestrunum að fá Sjálfsaga til þess að koma í FSN og vera með fyrirlestur fyrir foreldra barna í Íþróttastarfinu á Snæfellsnesi.
- e. Aðstoð við aðildarfélög.
- f. Framundan hjá framkvæmdastjóra HSH eru eftirfarandi verkefni:**
 - i. Þing HSH
 - ii. Þarfagreining HSH – áframhald
 - iii. Koma gögnum eftir þing í birtingu á heimasíðu HSH og greiða út lottó.
 - iv. Umsóknir í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ.
 - v. Skipuleggja plan fyrir næsta vetur. Hvers konar fyrirlestra á að bjóða upp á.
- 3. Garðar Svansson, gjaldkeri HSH vann að starfsskýrslu HSH auk þess að gera HSH að almannaheillafélagi.
- 4. Ársþing HSH – 7. apríl í Grundarfirði.
 - a. Rætt um ársskýrslu HSH og hverju þarf að bæta við og breyta áður en hún verður send í prentun. Að auki fór framkvæmdastjóri yfir tillögur, þinggerð, kjörbréf og annað sem viðkemur þinginu.
- 5. Ákveðið hverjum verða veitt Gullmerki HSH á þingi HSH. Framkvæmdastjóri mun hafa samband við Heiðursviðurkenningarhafa.
- 6. Önnur mál
 - a. Hvatasjóður – Allir með á Vesturlandi fékk 750.000 kr. fyrir verkefnið.
 - b. Íþróttastefna Vesturlands. Vinnufundur hjá framkvæmdastjórum Vesturlands auk svæðisfulltrúa fimmtudaginn 27. mars í Búðardal þar sem umræður og vinna hefst.
 - c. Hugmynd formanns HSH að mynda sameiginlega aga- og siðanefnd á Vesturlandi þvert á félög og héruð.
 - d. Heiðar svæðisfulltrúi: Snæfellsnes er með eina af hæstu prósentu barna í íþróttaiðkun á aldrinum 6 – 16 ára eða 79%.
 - e. Umræður um gjaldkerastarf innan aðildarfélaga.
 - f. Framkvæmdastjóri ræddi mögulegar breytingar á starfi sínu hjá HSH.